



Athugun á áhrifum COVID-19 á þjónustu við fatlað fólk

15. nóvember 2021

Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar gerði athugun á áhrifum COVID-19 á gæði þjónustu við fatlað fólk á tímabilinu nóvember 2020 til apríl 2021.

Upplýsingaöflun var tvíþætt. Annars vegar var notast við fyrirliggjandi gögn og hins vegar voru tekin viðtöl við aðila sem þóttu geta gefið góðar upplýsingar um efnið. Fyrirliggjandi gögn samanstóðu af 21 stöðuskýrslu tveggja teyma félagsmálaráðuneytisins; viðbragðsteymis til að draga úr þjónusturofi við viðkvæma hópa og teymis um uppbyggingu um félags- og atvinnumál í kjölfar COVID-19 frá mars 2020 til apríl 2021. Einnig minnisblað réttindagæslumanns fatlaðs fólks, frá október 2020 og samantektarskýrsla velferðarfulltrúa í samhæfingarstöð almannavarna frá janúar 2021. Fimm fjarviðtöl voru tekin við fulltrúa hagsmunasamtaka fatlaðs fólks og sérfræðinga í málaflokknum; fulltrúa Þroskahjálpar, fulltrúa NPA miðstöðvarinnar, sérfræðingateymis um aðgerðir til að draga úr beitingu nauðungar í þjónustu við fatlað fólk, fulltrúa velferðarmála í samhæfingarstöð almannavarna og sérfræðinga og stjórnendur á velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Auk þess var óskað eftir þátttöku fulltrúa Geðhjálpár en ekki barst svar við þátttökubeiðninni. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu atriðum sem fram komu í framangreindum gögnum og viðtölum og þeim atriðum sem huga þarf að til að bæta frekar gæði þjónustu við fatlað fólk.

Samantekt

- Tryggja þarf að viðbragðsáætlanir taki tillit til fatlaðs fólks
- Miðla þarf upplýsingum til samfélagsins með fjölbreyttum hætti
- Bregðast þarf við afleiðingum félagslegrar einangrunar
- Huga þarf að stöðu fatlaðs fólks á vinnumarkaði
- Þörf er á átaki varðandi ráðstafanir til að draga úr nauðung í þjónustu
- Áfram þarf að stuðla að sveigjanleika og þróun í þjónustu
- Samstarf þjónustukerfa er lykilatriði í lausnum

Viðbragðsáætlanir og verklag

Viðmælendur sögðu almannavarnir hafa áttað sig fljótlega á að viðbragðsáætlanir þeirra hafi ekki tekið sérstaklega tillit til fatlaðs fólks. Það hafi komið almannavörnum á óvart hversu stór og viðamikil þjónusta við fólk í þessum málaflokki væri. Síðan þá hafi verið unnið að því að bæta úr því, sýnileiki fatlaðs fólks hafi orðið meiri hjá almannavörnum og heilsugæslunni eftir því sem leið á faraldurinn.

Sveitarfélög voru með viðbragðsáætlanir fyrir velferðarþjónustu á tímum hamfara en misjafnt var hversu vel þær voru útfærðar með tilliti til veirufaraldurs. Fram kom í viðtali við fulltrúa Reykjavíkurborgar að framkvæmdaáætlanir forstöðumanna íbúðakjarna og sambýla í Reykjavík, sem unnar voru í ársbyrjun 2020 vegna óveðurs og verkfalla, hafi nýst vel við upphaf faraldursins hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

Tryggja þarf að viðbragðsáætlanir sveitarfélaga séu fyrir hendi til þess að vernda fatlað fólk í veirufaraldri og viðlíka ástandi og huga meðal annars að eftirfarandi atriðum:

- Viðbrögðum við smiti á heimilum fatlaðs fólks þar sem tveir eða fleiri búa saman og deila sameiginlegri aðstöðu.
- Viðbrögðum vegna fatlaðs fólks í sjálfstæðri búsetu með stuðnings- eða stoðþjónustu, t.d. NPA þjónustu.
- Verklagi um hvernig manna skuli þjónustu ef starfsmannahópur fer í sóttkví.
- Að tryggja fræðslu og leiðbeiningar vegna sóttvarna til starfsfólks í velferðarþjónustu sem almennt er ekki með heilbrigðismenntun, s.s. til starfsfólks í búsetuþjónustu fatlaðs fólks og aðstoðarfólks fatlaðs fólks í sjálfstæðri búsetu.
- Viðbrögðum þegar fatlað fólk fer á spítala eða í einangrun en þá gæti þurft að kalla eftir upplýsingum frá fagaðilum um hvernig staðið skuli að umönnun.

Eftir því sem leið á faraldurinn gáfu almannavarnir, í samstarfi við ýmsa aðila, út fjölda leiðbeininga, meðal annars fyrir búsetuþjónustu fyrir fatlað fólk, svo og leiðbeiningar til framlínustarfsmanna. Þá unnu félagsmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga, í samráði við embætti landlæknis, sértækar leiðbeiningar fyrir umsýsluaðila og starfsfólk sem starfar í NPA þjónustu. Leiðbeiningarnar voru síðar gefnar út í enskri þýðingu til að tryggja að aðstoðarmenn sem ekki hafa íslensku að móðurmáli hefðu aðgang að upplýsingunum. Hinar ýmsu útgefnu leiðbeiningar voru síðan uppfærðar eftir því sem þörf var á, meðal annars vegna breytinga á sóttvarnaraðgerðum. Í skýrslu uppbyggingarteymis frá október 2020 kom fram að sveitarfélögum hafi fundist þau mun betur undirbúin þegar þriðja bylgja faraldursins skall á en við upphaf fyrstu bylgju. Þá hafi skýrari verkferlar legið fyrir, svo og viðbrögð við sviðsmyndum sem ekki voru fyrir hendi í upphafi.

Viðmælendur sögðu að við upphaf faraldursins hefðu þeir upplifað vantraust og djúpstæðan ótta og kvíða meðal NPA notenda gagnvart heilbrigðiskerfinu og félagsþjónustu sveitarfélaga. Hræðslu hafi gætt í hópi þeirra um að gleymast í viðbrögðum við veirunni. Almennrar óvissu hafi jafnframt gætt varðandi ástandið í samfélaginu og urðu allir að læra af því, þar á meðal þurfti heilbrigðiskerfið að læra um þarfir fatlaðs fólks. Þá nefndi einn viðmælandi að einstaklingar í hópi NPA notenda hafi almennt vantreyst stjórnvöldum í faraldrinum þar sem þeir



upplifðu að þar væri lítil þekking og skilningur á fötlun. Fulltrúar þroskahjálpar upplifðu hið gagnstæða meðal þess fatlaða fólks sem þeir höfðu verið í samskiptum við. Í hagsmunahópi þeirra gætti mikillar ánægju með sóttvarnaryfirvöld og sögðu fulltrúarnir þau upplifa sambærilegt og jafnvel meira traust en aðrir og að þau og einbeiti sér að því að fylgja reglunum.

Upplýsingagjöf

Mikilvægi góðrar upplýsingagjafar kom ítrekað fram í gögnum og viðtölum athugunarinnar. Afar mikilvægt sé að tryggja að öllum í samfélaginu sé gert kleift að fylgjast með umræðunni um þá vá sem steðjar að og að allir aðilar sem miðla upplýsingum geri slíkt með fjölbreyttum hætti, s.s. á táknmáli og auðlesnu máli, svo og með texta og fræðslu- og upplýsingamyndböndum. Þá kom fram að tryggja þurfi sérstaklega upplýsingamiðlun til fatlaðs fólks í sjálfstæðri búsetu með notendasamning eða NPA þjónustu og að skýra þurfi hver beri ábyrgð á þeirri upplýsingamiðlun og hver veiti ráðgjöf og stuðning.

Fram kom gagnrýni á að á reglulegum upplýsingafundum almannavarna, þar sem ýmsir gestir hafi komið upplýsingum á framfæri, hafi enginn fulltrúi fatlaðra komið fram. Með þessu hafi ungu fötluðu fólki fundist þau gerð ósýnileg. Þörf hafi verið á að einstaklingar úr röðum fatlaðra væru boðaðir til upplýsingagjafar en ekki eingöngu stjórnendur hagsmunasamtaka.

Landssamtökin þroskahjálpar voru í viðtölunum sögð hafa sýnt gott fordæmi þegar þau héldu samráðsfund fólks með þroskahömlun og sóttvarnaryfirvalda til að tryggja gott samráð og upplýsingamiðlun. Einnig hélt NPA miðstöðin upplýsingafund í samvinnu við almannavarnir og embætti landlæknis um sóttvarnarráðstafanir fyrir fatlað fólk með NPA eða beingreiðslusamninga og aðstoðarfólk þeirra. Fulltrúar Reykjavíkurborgar sögðu að lögð hafi verið mikil áhersla á upplýsingagjöf til þjónustuveitenda frá upphafi faraldurs. Til að mynda hafi teymisstjórar verið í daglegum símasamskiptum við forstöðumenn í búsetuþjónustu fyrst um sinn og hafi um tíma svarað í símann allan sólarhringinn. Sögðu þeir það hafa skipt sköpum að hafa símann opinn allan sólarhringinn, þannig hafi viss spennan verið tekin úr starfi forstöðumanna.

Þjónusturof

Í upphafi faraldurs bárust viðbragðsteyminu ábendingar um að margt fatlað fólk væri óöruggt og hefði áhyggjur af mögulegri takmörkun á þjónustu sem þau væru sum hver háð í daglegu lífi. Einnig voru sveitarfélög, frjáls félagasamtök og stofnanir uggandi yfir stöðunni, sérstaklega hvað varðaði brýna þjónustu, s.s. búsetu- og stuðningsþjónustu. Auk þess var bent á að einstaklingar sem búa á herbergjasambýlum hafa ekkert val um með hverjum það býr og meiri heimavera kalli á aukna samveru íbúa. Ókostir herbergjasambýla hafi þannig orðið enn sýnilegri í faraldrinum.

Í fyrstu bylgju faraldursins var vinnustöðum og félagsstarfi fyrir fatlað fólk víða lokað eða þjónustan útfærð með öðrum hætti en vanalega. Ekki var um að ræða



sérstök tilmæli frá sóttvarnarlækni heldur hafi ábyrgðaraðilar þjónustunnar tekið ákvarðanir um slíkt með hliðsjón af samkomutakmörkunum og tilmælum um sóttvarnarráðstafanir. Fulltrúar Reykjavíkurborgar sögðu ákvörðun þeirra um að loka ýmissi þjónustu við upphaf faraldursins, meðal annars vinnustöðum fatlaðra, virkni- og skammtímadvölum, hafa mætt talsverðri gagnrýni. Lokunin var nýtt til að endurskipuleggja starfsemina til að draga úr smithættu og á meðan var þjónustan veitt „maður á mann“ inni á heimilum fólks. Verulega hafi dregið úr athugasemdum þegar fólk hafi áttað sig á ástæðu lokananna og séð að aðgerðirnar hafi virkað, þar sem eingöngu eitt smit hafi komið upp í þjónustunni vorið 2020 eftir að hún opnaði á ný eftir endurskipulagningu.

Í minnisblaði réttindagæslumanna fatlaðs fólks kom fram að mál sem komu á borð þeirra í fyrstu bylgju faraldursins hafi helst snúið að þjónustuskerðingu og lokun ýmissa þjónustuúrræða. Algengt var að aðstandendur hefðu samband til að kanna rétt sinn til greiðslna vegna niðurfellingar á lögbundinni þjónustu eða til að leita svara við því hvernig brugðist yrði við þjónusturofi. Lokun úrræðanna hafi gert það að verkum að aðstandendur fatlaðs fólks hafi átt erfitt með að mæta til vinnu, nauðsynleg þjónusta var ekki til staðar fyrir börnin þeirra, grunn- og framhaldskólar voru lokaðir og frístundastarf eftir skóla lá niðri. Þetta reyndi á skilning atvinnurekenda aðstandenda fatlaðs fólks og voru sumir nauðbeygðir til að taka sér frí frá vinnu til að bregðast við ástandinu.

Sérfræðingar í teymi um aðgerðir til að draga úr beitingu nauðungar upplifðu að þjónusturof í fyrstu bylgju faraldursins hafi í sumum tilfellum orðið til þess að einstaklingar hafi fundið fyrir meiri ró og vellíðan á heimili sínu. Áreitið hafi verið minna, færri starfsfólk hafi verið um hvern einstakling og fólk einbeitti sér og vandaði sig meira þegar það fór úr rútínunni. Þeir áréttuðu þó að til lengdar myndu slíkar aðstæður hafa neikvæðar afleiðingar.

Í þriðju bylgju faraldursins komu upp smit í þjónustuúrræðum fatlaðs fólks sem urðu til þess að fjöldi starfsfólks fór í sóttkví. Viðbrögð sveitarfélaga við slíku voru ólík. Sum tryggðu að ekki kæmi til lokana eða þjónusturofs en önnur ekki. Fulltrúar sérfræðingateymis um aðgerðir til að draga úr beitingu nauðungar fannst að í þriðju bylgjunni hafi gætt minni áhrifa af faraldrinum á þjónustu við fatlað fólk, þar sem dagúrræðum hafi almennt ekki verið lokað. Réttindagæslumaður fatlaðs fólks áleit að þar sem sveitarfélög hafi felld niður þjónustu við einstaklinga, hafi aðstandendur borið hitann og þungann af skerðingu þjónustunnar. Þá bjuggu einstaklingar með NPA þjónustu við óvissu vegna aukagreiðslna og aukins kostnaðar vegna starfsfólks sem þurfti að sæta sóttkví.

Fram kom að ákveðnir hópar meðal fatlaðs fólks hafi þurft að einangra sig meira en aðrir og margir hafi orðið félagslega einangraðir. Þetta eigi sérstaklega við um fólk sem býr sjálfstætt, þ.e. er ekki í búsetu á vegum sveitarfélaga og var ekki í miklum tengslum við félagslega kerfið fyrir faraldurinn. Sú þjónusta sem margir í þessum hópi höfðu nýtt sér, s.s. sundlaugar og félagsstarf, hafi lokað og rútína þeirra því orðið að engu. Huga þarf sérstaklega að þessum hópi og gætu sumir



verið í þörf fyrir félagslega endurhæfingu. Fulltrúar NPA miðstöðvarinnar nefndu einnig áhyggjur af fólki sem hefur þurft að einangra sig og hefur ekki getað nýtt sér rafrænar lausnir, svo sem að panta mat í gegnum netið.

Í viðtölunum komu einnig fram áhyggjur af stöðu fatlaðs fólks á vinnumarkaði á tímum heimsfaraldurs. Fulltrúar þroskahjálpar nefndu að dæmi séu um að fólki með fötlun hafi verið sagt upp störfum vegna faraldursins og það sé slæmt að Vinnuálastofnun taki ekki saman upplýsingar um uppsagnir fólks sem er með atvinnu með stuðningi. Einnig var bent á að ráðningastyrkir ríkisins hafi veikt stöðu fatlaðs fólks á vinnumarkaði, þar sem ódýrara hefur reynst að ráða fólki með slíkum styrkjum en að ráða fatlað fólki í atvinnu með stuðningi.

Nauðung og þvingun

Réttindagæslumaður fatlaðs fólks segist hafa haft auknar áhyggjur af nauðung og þvingun í þjónustu við fatlað fólki eftir því sem faraldurinn hafi dregist á langinn og hafi málum þess eðlis hjá réttindagæslunni fjölgað frá fyrri árum. Jafnframt segir hann að skerðing á þjónustu við einstaklinga hafi í einhverjum tilvikum verið orðin það mikil að hún hafi valdið fjölgun óæskilegra atvika sem sum hver hafi leitt til nauðungar.

Hvorki varð fjölgun á tilkynningum um beitingu nauðungar né á óskum um ráðgjöf til sérfræðiteymis um aðgerðir til að draga úr beitingu nauðungar. Bentu sérfræðingarnir á að það þýði ekki endilega að ekki hafi orðið aukning í beitingu nauðungar í þjónustu við fatlað fólki. Veltu þeir fyrir sér hvort þolmörkin gagnvart beitingu nauðungar hafi almennt hækkað í samfélaginu samhliða takmörkunum almannavarna, sem hafi haft í för með sér færri tilkynninga en búast mætti við. Í þessu samhengi bentu þeir á að einstaklingum í búsetuþjónustu hafi verið settar þrengri skorður en öðrum. Það sama hafi átt við um starfsfólkið, en mælt var til þess að það færi til að mynda ekki í búðir og væri sem minnst innan um annað fólki. Þá bentu fulltrúar hagsmunasamtaka á að ungt fatlað fólki sem býr á hjúkrunarheimilum hafi búið við nauðung vegna heimsóknabanns, sem hafi meðal annars leitt af sér að það hafi ekki fengið að fara til fjölskyldu sinnar um jólin. Fram kom sú vangavelta hvort nú væri búið að gefa ákveðið fordæmi um að nauðung sé sveigjanlegt úrræði þegar það hentar. Stundum er nauðsynlegt að beita nauðung en mikilvægt er að slíkt sé gert eftir leiðsögn og með heimildum. Á þessum óvenjulegu tímum virðist hins vegar hafa viðgengist að sniðganga rétt vinnubrögð og að tilkynningar um beitingu nauðungar hafi ekki fengið forgang eða nægilega athygli. Var lagt til að farið yrði í áttak að faraldri loknum til að tryggja að farið sé eftir réttindagæslulögum varðandi ráðstafanir til að draga úr nauðung í þjónustu við fatlað fólki.

Sveigjanleiki þjónustuveitenda

Sveitarfélög fóru í umtalsverða endurskipulagningu á félagsþjónustu vegna faraldursins. Bakvarðasveit velferðarþjónustu var sett á laggirnar í fyrstu bylgju faraldursins til að bregðast við fjarveru starfsfólks vegna sóttkvíar og



einangrunar. Í flestum tilvikum þar sem leitað var til bakvarðasveitarinnar var um að ræða sólarhringsþjónustu á heimilum fatlaðs fólks eða hjúkrunarheimilum.

Viðbrögð sveitarfélaga og þjónustuaðila við faraldrinum voru afar ólík. Mörg dæmi voru um að við lokun starfsstaða hafi sveitarfélög fært vinnustaði starfsfólks inn á heimili fatlaðs fólks. Ekki voru þó öll sveitarfélög opin fyrir þeim sveigjanleika. Viðmælendur sögðu að nýta megi áfram þá nálgun að tengja þjónustuna minna við steinsteypuna og meira við einstaklingana sem þurfa á þjónustunni að halda. Að hægt sé að fara með þjónustuna heim þegar skóli eða önnur þjónusta lokar. Í einhverjum tilfellum höfðu aðstandendur þó ekki viljað fá þjónustu heim, jafnvel þegar slíkt hafi staðið til boða, af ótta við aukna smithættu á heimilinu. Í annarri stöðuskýrslu viðbragðsteymis komu fram áhyggjur „af fötluðum börnum og fjölskyldum þeirra sem margar afþökkuðu þjónustu af ótta við smit. Þessar fjölskyldur eru undir miklu álagi og án þjónustu.“ Töluverð aðsókn varð eftir vottorðum hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins vegna foreldra fatlaðra barna sem voru með börn sín heima í varnarsóttkví. Fram komu áhyggjur af stöðu þessara foreldra og hvort þeir féllu undir úrræði stjórnvalda hvað varðar bætur vegna tekjumissis.

Skólastarf færðist að miklu leyti inn á heimili og nýttust rafrænar lausnir oft vel í kennslu. Var þó bent á það í þriðju skýrslu viðbragðsteymis að þörf væri á að finna lausnir og leiðir til náms fyrir fólk með þroskahömlun og/eða einhverfu sem ekki geta nýtt sér hefðbundið fjarnám. Fulltrúar NPA miðstöðvarinnar sögðust hafa átt gagnlegt samtal við skóla-, félags- og frístundaþjónustu, en allir aðilar voru sammála um að fötluð börn yrðu aldrei send heim úr skólanum, þó önnur börn væru það, til að tryggja samfellu í þjónustu við fötluð börn.

Þá varð faraldurinn til þess að margir þjónustuveitendur hafi breytt verklagi og vinnubrögðum sem hafi í mörgum tilvikum orðið til þess að bæta þjónustuna. Voru nefnd nokkur dæmi þess að slíkum breytingum verði viðhaldið að faraldri loknum, þar á meðal ýmsu nýju verklagi í búsetuþjónustu fatlaðs fólks sem og aukin rafræn þjónusta sveitarfélaga og stofnana. Fram komu þó ábendingar um að rafræn þjónusta og þjónusta í gegnum síma henti ekki öllum. Sögðu viðmælendur ótækt að loka mikilvægustu þjónustustofnunum samfélagsins fyrir heimsóknum, svo sem Tryggingastofnun ríkisins og Vinnumálastofnun, af því að starfsfólkið er svo hrætt við að smitast. Þá kom viðmælendunum á óvart hversu ósveigjanleg sum sveitarfélögin reyndust miðað við aðstæður. Nefndu þeir dæmi þess að sveitarfélag hafi krafist þess að senda starfsfólk inn á heimili viðkvæms aðila til að framkvæma einstaklingsbundið þjónustumat þrátt fyrir ástandið.

Álag á þjónustuveitendur

Í viðtölum kom fram að mikið álag hafi verið á framlínufólki í félagsþjónustu og í nærþjónustu við fatlað fólk og aldraða. Í sjöundu skýrslu uppbyggingarteymisins segir að nauðsynlegt sé að huga að starfsfólki, starfsumhverfi og auknu álagi á tímum sem þessum. Fulltrúar Reykjavíkurborgar sögðust mjög stoltir af því hvernig velferðarsviðið hefði tekist á við faraldurinn. Þeir voru fullir aðdáunar á



forstöðumönnum búsetuþjónustu vegna þess hve mikið þeir hafi lagt á sig til að tryggja starfsemi. Þá kom þeim á óvart hversu langt starfsfólk var tilbúið til að ganga og það hafi virkilega lagt sig fram. Starfsfólk vann jafnvel tvöfalt á við venjulega, sumir unnu hverja helgi og 16 tíma vaktir í tvær til þrjár vikur. Forstöðumenn hringdu í gamalt starfsfólk til að vera á bakvakt ef þörf væri á og starfsfólk í lágu starfshlutfalli hækkaði hlutfallið og kom Háskóli Íslands til móts við það í tilfelli námsmanna. Að sögn fulltrúa Reykjavíkurborgar hjálpuðust allir að. Starfsfólk og stjórnendur hafi þó fundið fyrir mikilli þreytu og hafi „snúið lífinu á hvolf, bæði vinnulega og persónulega“. Sérstakt sumarstarfaúrræði fyrir námsmenn sumarið 2020 nýttist stærri sveitarfélögum vel til að ráða sumarstarfsfólk og hvíla starfsfólkið sem stóð vaktina í faraldrinum. Einnig nýttist það til að auka lífsgæði þeirra fötluðu einstaklinga sem liðu fyrir aukna félagslega einangrun og aðrar afleiðingar sóttvarna.

Í fjórðu skýrslu viðbragðsteymisins segir: „Starfsfólk hefur sinnt þessu verkefni vel og við fordæmalausar aðstæður með það að markmiði að varna smiti og útbreiðslu COVID-19 og standa vörð um þjónustunotendur. Það sjónarmið virðist ráða athöfnum starfsmanna jafnt í vinnu sem frítíma.“ Í sjöundu skýrslu teymisins kemur fram að sveitarfélög hafi „leyst það erfiða verkefni að verja þennan hóp einstaklinga fyrir faraldrinum mjög vel og eiga stjórnendur og framlínustarfsfólk sveitarfélaganna hrós skilið fyrir það.“

Samstarf

Faraldurinn hefur orðið til þess að átakalínur milli þjónustukerfa hafi kristallast. Viðbrögð við áhrifum faraldursins kölluðu á samstarf margra aðila félags- og heilbrigðisþjónustu og jafnvel löggæslu. Skýrt þarf að vera hver hlutverk hvers og eins eru, hvar mörk á milli þjónustukerfa liggja og hvar kostnaður fellur til. „Það gengur ekki að deila um þessa hluti á tímum hamfara“ að sögn velferðarfulltrúa almannavarna.

Strax í upphafi faraldursins var mjög gott samráð og samstarf milli félagsþjónustu sveitarfélaga og deildarstjóra almannavarna. Fulltrúar Reykjavíkurborgar sögðu samstarf félags- og heilbrigðisþjónustu hafa verið lykilatriði í lausnum í þjónustu við fatlað fólk. Hjúkrunarfræðingar starfandi í heimahjúkrun hafi meðal annars tekið það hlutverk að sér að kenna starfsfólki í búsetuþjónustu að fara í hlífðarbúninga. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar var einnig boðið og búið að aðstoða og átti fundi með öðrum sveitarfélögum. Einnig nefndu fulltrúar Reykjavíkurborgar gott samstarf við hagsmunasamtök í þriðju bylgju faraldursins og sögðu þau vera mjög mikilvæga upplýsinga- og samstarfsaðila. Fulltrúar þroskahjálpar nefndu einnig gott samstarf með þjónustuaðilum í þriðju bylgju faraldursins og að brýnustu verkefnin hafi verið að hvetja ólíka aðila til að halda starfsemi og þjónustu við fatlaða gangandi með öllum ráðum og dáðum með tilliti til þeirra takmarkana sem í gildi voru.